



Erindisbréf fyrir Skóla- og fræðslunefnd

*Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar
þann 31. janúar 2019*

Stjórnskipuleg staða

Skóla- og fræðslunefnd starfar í umboði bæjarstjórnar að skóla- og fræðslumálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni. Eftirtaldar stofnanir /deildir starfa á verksviði nefndarinnar:

- Leikskólinn í Stykkishólmi
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Tónlistarskóli Stykkishólms
- Regnbogaland
- Amtsbókasafnið í Stykkishólmi

Skipan nefndarinnar

Í Skóla- og fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri, skólastjórar, forstöðumaður amtsbókasafns, umsjónarmaður Regnbogalands, fulltrúar kennara, fulltrúi Helgafellssveitar, fulltrúi forelda nemenda og fulltrúi úr ungmennaráði, rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Nefndin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Meginhlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skóla- og fræðslumálum.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í skóla- og fræðslumálum bæjarfélagsins.
- að hafa eftirlit með stofnunum sem heyra undir nefndina og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum bæjarstjórnar, í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga og veiti góða þjónustu.
- að hafa eftirlit með því að fjárhagsáætlun sé haldið og, eftir atvikum, að gera tillögur eða umsagnir til bæjarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um



forgangsroðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á því sviði sem undir nefndina heyra.

- að starfa með bæjarstjóra og forstöðumönnum að málum er undir þá og nefndina heyra.
- að gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að niðurstöður hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa bæjarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa. Jafnframt skal nefndin stuðla að tengslum og samstarfi við aðra hagsmunaaðila.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Verkefni

Helstu verkefni nefndarinnar eru sem hér segir:

- Fara með málefni og fylgjast með starfsemi grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og heilsdagsskóla/Regnbogalands eftir því sem lög og reglugerðir ákveða. Ennfremur að fara með málefni almenningsbókasafns.
- Nefndin skal, í samráði við skólastjóra/forstöðumenn, gera tillögu til bæjarstjórnar að álagningu gjalda þeirra stofnana/deilda sem falla undir nefndina.
- Í 2. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 koma meginhlutverk skólanefndar fram. Þau eru:
 - að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í bæjarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
 - að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
 - að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í bæjarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða bæjarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
 - að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að skólaþjónustu
 - að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
 - að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur,
 - að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- Í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að bæjarfélögum, og þar með nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði þeirra, beri:
 - að hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum bæjarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og



- eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í bæjarfélagi.
- að setja almenna stefnu um leikskólalald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.
 - að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs.
 - Samkvæmt reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms hefur nefndin umsjón með málefnum tónlistarskólans í umboði bæjarstjórnar. Í reglugerðinni kemur fram að hlutverk og meginmarkmið skólans sé að efla hæfni, þekkingu og þroska nemendanna, og stuðla að öflugu tónlistarlífi í Stykkishólmi.
 - Skólanefnd skal stuðla að og hafa eftirlit með því að tónlistarskólinn sinni sínu hlutverki og starfi samkvæmt meginmarkmiðum sínum en skv. reglugerð skólans hyggst skólinn ná markmiðum sínum meðal annars með því:
 - að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum eftir því sem aðstæður leyfa.
 - að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
 - að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.
 - að búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.
 - að gera fullorðnum kleift að auðga tólmstundir sínar með tónlistariðkun, eftir því sem kostur er.
 - Skólanefnd skal taka til afgreiðslu áætlun skólastjóra um kennslustundafjölda og kennslutilhögun næsta skólaárs og skal sú áætlun lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Skal áætlun þessi taka mið af þeim stöðuheimildum sem skólinn hefur.
 - Að vori eða fyrir lok hvers skólaárs skal skólanefnd gera tillögu til bæjarstjórnar að skólagjöldum Tónlistarskólans næsta skólaárs.
 - Nefndin skal taka til afgreiðslu úrskurði sem skotið er til nefndarinnar, sbr. reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms.

Önnur verkefni nefndarinnar eru m.a. að:

- Stuðla að samvinnu skólastofnana og samhæfingu þeirra innan bæjarfélagsins.
- Vera meðvituð um starfsemi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og koma ábendingum til bæjarstjórnar.
- Fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- Hafa samráð við heilbrigðisþjónustu og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu í skólum.
- Fylgja og endurskoða skólastefnu.
- Þekkja starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og hvetja til námskeiðahalda í bænum.
- Viðhalda samstarfi safna við leik- og grunnskóla og stuðla að safnafræðslu á öllum skólastigum.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Stykkishólmsbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verksviði nefndarinnar.



- Fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og skal þeim fylgt, eftir því sem við á.

Skóla- og fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaaætlun, að jafnaði einu sinni í mánuði, utan sumartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundaaætlun á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra. A.m.k. einn fundur á ári skal tileinkaður hverri stofnun fyrir sig og eru áheyrnarfulltrúar annarra stofnana þá undanskyldir mætingu. Sé um að ræða fund, sem ekki er á samþykktri fundaaætlun, skal formaður tilkynna nefndarmönnum um áætlaðan fund með fimm sólarhringja fyrirvara.

Nefndarformaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn með tölvupósti, þar sem fundarstaður er tilgreindur, tími og dagskrá fundar. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar skv. 39. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Nefndin getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það þá gert í samræmi við 16. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar. Þegar fundargerð er tölvuskráð skal bóka í gerðabók helstu grundvallaratriði um upphaf og lok fundar, hverjir sátu fundinn og hve margar blaðsíður hin tölvuskráða fundargerð er.

Í fundargerð skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritara er þó heimilt, með samþykki nefndarinnar, að ganga endanlega frá ritun fundargerðar innan tveggja sólarhringa eftir að fundi lýkur og afla þá samþykkis nefndarmanna, sem hafa tvo sólahringa til athugasemda, á fundargerð með rafrænum hætti (tölvupósti). Heimild þessi á þó ekki við ef nefnd hefur verið falið að taka fullnaðarákvörðun um mál.

Formaður nefndarinnar ber ábyrgð á að fundargerðum sé komið til ritara/aðstoðarmanns bæjarstjóra sem hefur umsjón með að fundargerðin verði lögð fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.



Eftirfylgni

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum skal aðalmaður tilkynna forföll til formanns, eins fljótt og auðið er, og óska eftir því að varamaður verði boðaður. **Skal aðalmaður í þeim tilvikum þó jafnframt bera ábyrgð á því að upplýsa staðgengil sinn um forföll sín í þessu sambandi.**

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar í nefndinni og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti, sbr. 17. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar, 20. gr. sveitarstjórnarlaga og eftir atvikum ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga.

Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms og bókasafnalögum nr. 150/2012. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar.